

Dags. fundar: 7. apríl 2015	Tími: 17.15.	Nr. fundar: 50
Fundarboðari: Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir.	Fundarritari: Björn Valdimarsson.	Staður: Laugardalslaug.

Efni fundar:

1. ÍM50.
2. Breyting á nefndinni.
3. Erindisbréf nefndarinnar.
4. Ítrekun á reglum.
5. Smáþjóðaleikar.

Viðstaddir: Sigurður Óli Guðmundsson, Björn Valdimarsson, Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir, Viktoría Gísladóttir og Jón Hjaltason.

Boðaði forföll: Ólafur Baldursson.

Dagskrá:

1. Mönnun mótsins gengur ágætlega og má reikna með að henni verði lokið tímanlega fyrir mótið sem hefst föstudaginn 10. apríl. Er um að ræða síðasta stóra æfingamótið fyrir Smáþjóðaleikana og því hafa dómara sem skráð sig hafa til starfa á því mótið verið hvattir til að mæta á ÍM50.
2. Nefndin þakkar Hilmar Erni Jónassyni frá ÍRB hans störf innan nefndarinnar en hann hefur setið í henni sem fulltrúi stjórnar SSÍ. Hann gefur ekki kost á sér áfram til starfa hjá stjórn SSÍ eða innan nefndarinnar.
3. Nefndin hefur aðlagð erindisbréf nefndarinnar þeim störfum sem hún sinnir. Drög að því fylgja hér með sem viðhengi.
4. Ítreka þarf ákveðnar reglur í mótahaldi við yfirdómara. Eftir því hefur verið tekið á mótum undanfarið að yfirdómara vinna ekki eins eða fara alltaf eftir settum FINA reglum. Einnig stendur til að senda öllum dómurum samantekt um nýjan baksundsbúnað ásamt fleiru sem allir dómara þurfa að kynna sér og vinna eftir.
5. Röðun dómara til starfa á Smáþjóðaleikunum er að komast á lokastig. Verður dómurum sent í tölvupósti hver þeirra staða verður á leikunum. ÍSÍ mun halda fund með þessum dómurum milli mótshluta á ÍM50 á laugardeginum. ÍSÍ mun reyna að bjóða sjálfboðaliðum á leikunum upp á grunnþjálfun úti á landi, ekki eingöngu í Reykjavík.

Fylgiskjal. Drög að erindisbréfi nefndinnar 2015-2017.

Fundi slitið kl: 18.50. Næsti fundur: mánudaginn 4. maí 2015, kl. 17.15 í Laugardalslaug.